



Gullin nótt, 1987.

Helgi Þorgils Friðjónsson heimsóttur á vinnustofu sína í tilefni sýninga hans á Kjarvalsstöðum og í Gallerí Svart á hvítu




Helgi Þorgils á vinnustað sínum.

STEFNUMÓT VIÐ KENTÁRINN

Það er undarlegur heimur sem birtist okkur í myndum Helga Þorgils Friðjónssonar: kynjaverur hvers konar, kentárar og finngálkn, naktar konur með hundshaus og karlar með rísandi tippi og bæklaða útlimi, tvíhöfða menn og tvítóla, menn með hestshaus og dýr með mannshaus: hugmyndafluginu eru fáar skorður settar og þetta undarlega persónugallerí á sér hin stórfurðulegustu stefnumót sem gjarnan eru sviðsett úti í guðsgrænni náttúrinni eins og hún birtist okkur í íslenskum heiðardal með fallandi vötnum og freyðandi fossum. Inn í þessi sérkennilegu mannamót stefnir hann síðan ýmsum eftirsóttum guðsgjöfum náttúrunnar svo sem vínberjum, gúrkum og banönum og síðan ýmsum sérkennilegum ávöxtum siðmenningarinnar, keröldum og bikurum sem mynda sérstæða andstæðu við villt og ósnortið landslagið.

Er von að spurt sé: hvert er maðurinn eiginlega að fara?

Það var meðal annars erindi þess stefnumóts sem ég átti við Helga á vinnustofu hans fyrir skömmu að fá svar við þeirri spurningu. Sem í rauninni er fávísleg tilætlun, því til þess er ekki ætlast að listamaður pensilsins túlki fyrir okkur yfir á mælt mál það sem hann hefur lagt sál sína í að segja í mynd. En eftir að hafa setið drykklanga stund á vinnustofunni við Hagamel með þessar kynjamyndir í kringum sig fór ég smám saman að sjá í þeim dýrlegar sögur úr heimi hversdagsleiks mannlegra samskipta: ýkjurnar og afbrigðilegt vaxtarlag á persónum leiksins verða til þess að undirstrika óbætanlega einsemd sálarinnar andspænis þrá mannsins eftir samkennd og samruna. Sú kynferðislega ófullnægja sem birtist okkur í reistum lim kentársins andspænis spyrjandi augnaráði finngálknsins með barnshöfuðið eða andspænis öndinni með mannshöfuðið undirstrikar ekki bara vonleysi þessa ástarfundar heldur einnig vonina sem staðfest er í þessu stefnumóti: örlögin hafa leitt þessar verur saman og þrátt fyrir allt eiga þær ýmislegt sameiginlegt fyrir utan stað og stund. Þar sem hið dýrlega og hið dýrslega mætist skapast vettvangur þess goðsögulega drama sem maðurinn hefur endurspeglað líf sitt í frá upphafi vega. Og guðsgjafarávextir náttúrunnar og tilbúin keröld siðmenningarinnar verða til þess að undirstrika þetta mannlega drama í faðmi íslenskra fjalla og freyðandi fossa þar sem maðurinn stendur einn og nakinn með hold sitt og keröld andspænis þrotlausri uppsprettulind náttúrunnar.



Vorvindar, 1987.

Ilmur af málverki

Það lagði sætan ólíuilm af óþornuðu málverki um vinnustofuna, þar sem málverk voru á rúi og stúi og fylltu alla rekka. Óþornaða málverkið sem hékk á veggnum fyrir framan okkur var sjálfsmynd af málaranum þar sem hann liggur nakinn á uppbúnu fleti á vatnsbakka, sem gæti verið á Arnarvatnsheiði. Í spegilsléttum vatnsfletinum við hlið hans fljóta vínþrúgur og niðursneidd gúrka, sem speglast í vatnsfletinum. Handan vatnsins speglast heiðalandslagið í tærum fletinum og yfir allri senunni ríkir sú tæra birta sem við þekkjum frá heiðbjörtum og lyngum vormorgni við íslenskt fjallavatn. Stellingar málarans minna óneitanlega á Venus frá Urbino eftir Tizian, en birtan og umgjörðin öll vekur með okkur allt annan fögnuð en þann sem finna má í íðandi kvenholdinu í Venusarmynd Tizians: hér er leikið á þá sömu ljúfsáru tilfinningastrengi framandleika og fögnuðar sem finna má í öðrum myndum Helga, þar sem einsemdin er undirstrikuð með aðfluttum föngum siðmenningarinnar í sannkallaðan unaðsreit ósnortinnar náttúru.

Landslag og málverk

Landslagið hefur orðið æ meira áberandi í síðustu myndum Helga, og eitt af því fyrsta sem ég spurði hann þar sem við sátum andspænis þessari splunkunýju mynd var, hvaða þýðingu landslagið hefði í myndum hans:

Ég vil að landslagið undirstriki ákveðið sálarástand í myndinni, til dæmis ákveðna trúarlega eða guðdómlega reynslu, sem maður getur upplifað upp til heiða. Ég leitast í þessum myndum við að nota landslagið til þess að magna upp ákveðna spennu á milli mannsins og náttúrunnar sem á að undirstrika það sálarástand sem manneskjan er í. Fyrir mér er myndin í sjálfri sér ekki það mikilvægasta, heldur það ástand sem hún nær að miðla og magna upp innra með manni.

Hér áður fyrr hafði ég ekkert landslag, heldur bara fígúrur í myndum mínum. En smám saman hef ég uppgötvað möguleika landslagsins um leið og ég hef leitast við að gera myndirnar fyllri og hreinsa þær af „maleríska“ stælum og groddaskap. Það er í rauninni löng þróun sem liggur á bak við þetta, sem hófst fyrir um það bil 10 árum. Þá fór ég vísvitandi að einfalda myndir mínar, vegna þess að mér fannst það óskyggilegt hvað myndlistin var farin að snúast mikið um hagleik og tækni í ímynduðu málverki. Í stað þess að hafa ákveðið viðfangsefni var málverkið farið í æ ríkara mæli að fjalla um sjálft sig – aðferðina við að mála, áferðina, pensilstrikin o.s.frv. Ég fór smám saman að má út úr myndum mínum allt sem minnti á svokallað „gott málverk“ og byggðist oft á einhverjum brellum, sem hægt er að læra á mislöngum tíma hjá misvitrum prófessorum. Þetta eru brellur sem kannski hafa gengið í arf frá manni til manns og menn eru hættir að skilja hvers vegna þeir nota þær. Ég vildi hreinsa myndirnar mínar til þess að fólk færi ekki að binda sig við ákveðna punkta í myndinni, ákveðnar pensilstrokur eða áferð. Ég vildi að myndin yrði ein órofa heild, þannig að hún gæti magnað upp ákveðið andrúmsloft, sem við finnum ekki í klisjukenndu málverki. Að myndin verði svipuð náttúruupplifun á hálendinu, þar sem heildaráhrifin skipta máli en ekki hin tæknilegu atriði. Það má segja að í þessum efnum sé að finna vissa hliðstæðu í myndum mínum við klassíska myndlist, ekki hvað síst frá endurreisnartímanum, þar sem heildaráhrifin skipta meginmáli og allir hlutar myndflatarins eru jafn mikilvægir fyrir heildina. Ég geng óspart í listasöguna og notfæri mér það sem ég get úr henni eins og þú kannski sérð.

Nýtt málverk og gamalt

Þú varst á tímabili orðaður við nýja grófa málverkið sem einkennst hefur af endurvakningu expressionismans. Þú virðist nú vera að fjarlægjast þá hreyfingu æ meir?

Ég var aldrei grófur „maleríska“ málari á tímabili nýja málverksins svokallaða. Það sem tengdi mig „nýja málverkinu“ var kannski fyrst og fremst dálítið groddaleg og einföld teikning.

Þú segist leita mikið til listasögunnar, hvaða málara getur þú nefnt mér sem hafa haft áhrif á þig frá fyrri tíð?

Það er ekki auðvelt að nefna nöfn í því sambandi, það eru víða hápunktar í listasögunni sem hafa verkað á mann. En frá eldri tíma get ég nefnt Tizian og Giorgione af ítalska skólanum, Holbein og Brüghel af hollenska skólanum, impressionistana og svo líka ýmsa af nýklassísku málurunum á síðustu öld, sem kannski hafa ekki verið svo mikið í tísku fram til þessa.

Kynjaverur þjóðsögunnar

Það er mikið af kynjaverum og frásögn í myndum þínum. Getur þú sagt mér hvað þessar kynjaverur eiga að tákna. Eru tilvísanir í þekktar goðsögur í myndum þínum?

Ég beiti oft ýkjum í myndum mínum, og ég geri það til þess að gefa annað í skyn. Ég held að þetta sé það sama og við getum fundið í íslenskri fyndni. Ýkjurnar eru mér tæki til þess að skapa ákveðið sálarástand og um leið og þær skapa vissa óvissu og spennu. Kynjaverurnar í myndum mínum nálgast það að vera guðdómlegar eða dýrslegar og spanna bilið þar á milli. Menn gera sér kannski ekki grein fyrir því hvort þetta er algjör yfirhafning eða hrein vitleysa, en þetta er í raun og veru hliðstæða við það sem við finnum í trúarbrögðum og goðsögnum. En þessar kynjaverur eiga sér ekki ákveðnar fyrirmyndir nema að þessu leyti. Ég er ekki að myndskreyta einhverja goðafræði, heldur frekar að endursegja hana eða þá tilfinningu sem við getum fundið í henni.

Frásögnin skiptir þig máli í málverkinu?

Já, og mér finnst það fullkomlega eðlilegt. Það er búið að ala svo marga upp í því að það megi ekki vera frásögn í málverki, og þeir eiga því erfitt með að sætta sig við þessar myndir mínar. En frásögnin hefur lengst af verið megniviðfangsefni myndlistarinnar og þetta sýnir bara hvernig uppeldið getur farið með fólk.

Stundum finnst mér myndir þínar bera keim af íslenskum þjóðsögum, kynjasögum af nykrum, tilberum og öðrum furðuverum úr íslenskum sagnaheimi. Hafa slíkar sögur haft mótandi áhrif á þig sem málara?

Ég er alinn upp í Dölunum og kynntist þar í bernsku fólki sem talaði um dulræn fyrirbæri og kynjaverur á hversdagslegan hátt sem eðlilegan hluta af daglega lífinu. Ég lifði mig inn í þetta sjálfur sem barn og þóttist jafnvel sjá ýmislegt sjálfur. Ég lít auðvitað á þessa hluti með gagnrýnum augum nú, en ég leitast hins vegar við að myndir mínar virki á sama hátt og furðusögurnar voru fyrir fólkinu í Dölunum. Ég myndskreyti hins vegar ekki slíkar sögur, en ég hef stundum skrifað smásögur í þjóðsagnastíl, og þá reyni ég líka að hafa þær sem trúverðugastar.

Þegar konseptlistin var vinsælust var í tísku að leita til þjóðsagnanna. Margir tóku þjóðsögur og stílfærðu þær yfir í nútímann. Ég er kannski meira að vinna í anda þeirra. En þótt það megi finna skyldleika við þjóðsögur í myndum mínum, þá tel ég sjálfan mig engu að síður vera raunsæismann – realista. Raunsæi er fyrir mér það að ná ákveðinni tilfinningu sem er í tíðarandanum en ekki það að líkja eftir ytra útliti samtímans. Tilfinningarnar nálgast raunverueikann betur en vísindi eða heimspekin. Sagan sýnir okkur hvernig heimspekikerfin hafa falli um sjálf sig þannig að ekkert stendur eftir nema fyrirlitningin.

Uppgjörið við modernismann

Í myndum þínum og margra annarra yngri listamanna í dag má sjá visst uppgjör við modernismann, sem kom hingað til Íslands með abstraktmálverkinu eftir stríð. Hvaða augum lítur þú modernismann í dag?

Brautryðjendur modernismans voru í botnlausri rannsókn og höfðu gífurlega þýðingu. Þeirra verk eru jafn spennandi enn í dag. En eftir nokkrar kynslóðir hefur módernisminn þynnst út í það að verða útþynnt form og innantómar pensilstrokur. Modernisminn hefur hins vegar kennt okkur margt og veitt okkur mikið frelsi, sem væri óhugsandi án hans, þannig að nú má nánast gera hvað sem er. Modernisminn á það þannig sammerkt með mörgum bestu skeiðunum í myndlistarsögunni að hann hefur opnað myndlistinni nýjar leiðir. En tími hans er nú liðinn, sýnist mér.

Hvað tekur við?

Ég á kannski erfitt með að segja til um það fyrir aðra, en í mínum huga hefur það verið að gerjast að ég hef leitað aftur til aldamótanna um leið og ég færi mig fram sem nemur modernismanum. Og ég tel þetta málverk mitt vera algjört nútímamálverk, einmitt vegna þessa samruna.



Veröld við fossinn, 1987.

Endurmat postmodernismans

Postmodernisminn, sem svo er kallaður, felur þá í sér endurmat á fortíðinni, ekki satt?

Jú, það held ég að hljóti að vera. Sagan kennir okkur einfaldlega að straumar og stefnur verða gamaldags um stund en koma svo til endurmats. Hins vegar er okkar myndlistarhefð það fábreytileg að slíkt endurmat tekur kannski frekar til erlendra strauma en innlendra. Þó má segja að menn eins og Þórarinn B. Þorlákssson og Einar Jónsson hafi komið fram í nokkuð nýju ljósi á síðari árum, en þá ber að hafa það í huga að þeir hafa alltaf verið mikils metnir meðal almennings hér á landi þótt myndlistarmenn líti þá kannski nokkuð öðru auga nú en áður. En erlendis getum við fundið marga listamenn sem áður hlutu litla eða enga athygli vegna þess að þeir unnu í öðru en tískan bauð. Af málurum þessarar aldar, sem þannig hafa verið endurmetnir má til dæmis nefna ítalska málarann De Chirico, sem ekki naut tilskilinnar athygli og allra síst á síðasta skeiði sínu sem málari. Nú hefur það allt verið tekið til endurmats. Sama má segja um málarann Picabia, sem var ekki sérlega áberandi hér áður fyrr en er er nú allt í einu orðin stjarna. Og þá held ég að menn fari nú að dusta rykið af ýmsum málurum rómantíska skeiðsins og nýklassíkurinnar á síðustu öld, sem ekki voru í hávegum hafðir af módernistunum. Það er manninum nauðsynlegt að taka sögu sína til endurskoðunar, jafnt í myndlistinni sem öðru, og í rauninni er ekkert eðlilegra.

Samtal okkar á vinnustofunni við Hagamel varð ekki miklu lengra. Vonandi hefur það orðið til þess að vekja einhverja til forvitni um þá óvæntu mynd sem Helgi vill sýna okkur af samtímanum og sjálfum sér. Því myndlist hans á sér fáar hliðstæður og sýningar hans sem nú eru á Kjarvalsstöðum og í Gallerí Svart á hvítu ættu að vera listunnendum og öðrum kærkomið tækifæri til óvænts stefnumóts við kentárinn.

–ólg